

Umsögn

um tillögu til þingsályktunar um breytingu á þingsályktun um vernd og orkunýtingu landsvæða, nr. 13/141.

Frá meiri hluta umhverfis- og samgöngunefndar.

Með tölvupósti dagsettum 23. október 2014 óskaði atvinnuveganefnd Alþingis eftir því við umhverfis- og samgöngunefnd að hún veitti umsögn sína um tillögu umhverfis- og auðlindaráðherra um breytingu á þingsályktun um vernd og orkunýtingu landsvæða, nr. 13/141, svokallaðri rammaáætlun. Nefndin fjallaði um málið á einum fundi og fékk til fundar við sig Þóru Ellen Þórhallsdóttur og Herðisi Helgu Schopka frá verkefnisstjórn rammaáætlunar, Óla Grétar Blöndal Sveinsson og Svein Kára Valdimarsson frá Landsvirkjun, Árna Finnsson frá Náttúruverndarsamtökum Íslands, Björgvin G. Sigurðsson frá Ásahreppi, Ágúst Sigurðsson frá Rangárþingi ytra, Björgvin Skafta Bjarnason og Kristófer Tómasson frá Skeiða- og gnúpverjahreppi, Guðmund Inga Guðbrandsson frá Landvernd, Helgu Tryggvadóttur og Önnu Sigríði Valdimarsdóttur frá Sól á Suðurlandi og Odd Bjarnason frá Veidifélagi Þjórsár.

Með tillögunni er lagt til að Hvammsvirkjun verði færð úr biðflokki rammaáætlunar í nýtingarflokk. Hvammsvirkjun var einn af þeim virkjunarkostum sem færðir voru úr nýtingarflokki í biðflokk rammaáætlunar eftir umsagnarferli í lok annars áfanga vinnu við rammaáætlun. Ástæða þess að virkjunarkostirnir voru færðir í biðflokk voru athugasemdir þess efnis að nauðsynlegt væri að endurmeta áhrif virkjana í neðri hluta Þjórsár á laxfiska. Niðurstaða verkefnisstjórnar nú, með tilliti til vinnu faghópa sem skipaðir voru, er að til staðar séu nægilegar upplýsingar um áhrif Hvammsvirkjunar á laxfiska en í því skipta máli þær mótvægisáðgerðir sem miða að verndun fiskstofna í Þjórsá. Á fundi nefndarinnar kom fram að þar væri m.a. um laxastiga og seiðafleytur að ræða auk þess sem starfsemi virkjunarinnar verður með þeim hætti að hún á ekki að hafa áhrif á laxagöngur. Verkefnisstjórn rammaáætlunar mat það svo að óvissu varðandi áhrif á laxfiska væri eytt að því marki að rétt væri að mæla með því að Hvammsvirkjun yrði færð í nýtingarflokk. Meiri hluti nefndarinnar tekur undir það mat og telur að fylgja eigi tillögum verkefnisstjórnarinnar en tekur einnig fram að áhrif virkjana á umhverfi eigi að meta með mati á umhverfisáhrifum framkvæmda en ekki í flokkun kosta í rammaáætlun. Að auki kom fram fyrir nefndinni að Hvammsvirkjun væri afar arðbær kostur og sá arðbærasti sem fellur í nýtingarflokk rammaáætlunar og mundi virkjunin skila miklum arði ein og sér þótt ekki væri ráðist í gerð virkjana í hinum tveimur virkjunarkostum í neðri hluta Þjórsár, Holtavirkjun og Urriðafossvirkjun. Að auki er Hvammsvirkjun óháð Holtavirkjun og Urriðafossvirkjun þar sem þeir virkjunarkostir eru neðar í ánni.

Að teknu tilliti til framangreinds styður meiri hluti umhverfis- og samgöngunefndar tillögu um að færa Hvammsvirkjun úr biðflokki í nýtingarflokk.

Alþingi, 26. nóvember 2014.
Höskuldur Þórhallsson, formaður,

Willum Þór Þórsson,
Birgir Ármannsson,
Elín Hirst,
Vilhjálmur Árnason.